

Nr. 46.

3. nóv.

Lög

um

viðauka við lög nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Auk yfirmatsmanna þeirra, sem skipaðir eru með lögum nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld, skulu vera 2 yfirmatsmenn, og hefir annar þeirra heimili á Ísafirði og hinn á Seyðisfirði. Hafa þeir í árslaun 600 kr. hvor, og hefir hinn fyrri til yfirsóknar svæðið milli Horns og Öndverðaness, en hinn svæðið milli Langaness og Djúpavogs. Að öðru leyti fer um skipun þeirra og starfssvið, rjettindi og skyldur svo sem segir í nefndum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S)

Einar Arnórsson.